

Álit kjörnefndar Eftirlaunasjóðs FÍA

I. Inngangur

Með heimild í grein 4.2 í samþykktum Eftirlaunasjóðs FÍA (EFÍA) skipaði stjórn sjóðsins kjörnefnd vegna stjórnarkjörs og setti henni starfsreglur. Er þetta í fyrsta skipti sem þessi háttur er hafður á hjá EFÍA.

Markmið með störfum kjörnefndar skv. 2. gr. starfsreglna hennar er að tryggja sjóðfélögum áreiðanlegri forsendur til að taka upplýsta ákvörðun um val í stjórn sjóðsins. Í störfum sínum skal kjörnefnd gæta hagsmuna sjóðsins og sjóðfélaga allra.

Samkvæmt starfsreglunum skal kjörnefnd m.a. auglýsa eftir framboðum og leggja fram rökstutt mat á hæfi einstakra frambjóðenda til stjórnarsetu, en mat nefndarinnar telst ráðgefandi. Er kjörnefnd falið að yfirfara framboð með tiliti til þeirrar hæfni og reynslu sem nauðsynleg er til stjórnarsetu í lífeyrissjóði og leggja til grundvallar m.a. 31. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Við mat sitt skal nefndin gæta þess að stjórn í heild sinni búi yfir nægilegri þekkingu og reynslu til að rækja hlutverk sitt.

Kjörnefnd skal birta rökstutt álit sitt á þeim framboðum sem berast til stjórnarsetu og gera grein fyrir störfum sínum á ársfundi sjóðsins.

II. Skipan nefndar og almennt um störf hennar.

Með erindisbréfi stjórnar EFÍA voru Lára Sif Christiansen, framkvæmdastjóri FÍA, Magnús Brimar Jóhannsson, flugstjóri, og Jónas Fr. Jónsson, hæstaréttarlögmaður, skipuð í kjörnefnd. Nefndin hefur fundað sex sinnum fram að lyktum álits þessa.

Á fyrsta fundi nefndarinnar var Lára skipuð formaður og Jónas ritari. Þá var farið yfir auglýsingu eftir framboðum og fylgigögn með henni, auk þess hvernig framboðum skyldi skilað. Jafnframt var aflað upplýsinga frá framkvæmdastjóra EFÍA um framkvæmd rafræna kosninga og tilnefningar á öðrum stjórnarmönnum (sem ekki er kosið um).

Á öðrum fundi nefndarinnar var farið yfir framboð, kynjahlutföll m.t.t til framboða/tilnefninga og ákveðið að kalla alla frambjóðendur til viðtals við nefndina. Jafnframt var rætt um afurð nefndarinnar og komist að þeirri niðurstöðu að nefndin væri ekki bundin við að gera eingöngu tillögu um jafnmarga frambjóðendur og kjósa ætti í laus sæti. Nefndin gæti þannig flokkað frambjóðendur í hópa.

Á þriðja og fjórða fundi nefndarinnar voru viðtöl við frambjóðendur. Á fimmta fundi voru viðtöl við frambjóðendur auk þess sem nefndin ræddi mat sitt á frambjóðendum og lokaafurð.

Á sjötta fundi nefndarinnar var fjallað um störf nefndarinnar og mat á frambjóðendum, sem fram kemur í áliti þessu.

III. Niðurstöður nefndarinnar

1) Almennt um viðmið við mat og ákvæði 31. gr. laga nr. 129/1997.

Við mat sitt á hæfi frambjóðenda til stjórnar EFÍA leit kjörnefnd til þeirra krafna sem gerðar eru til stjórnarmanna í lífeyrissjóði skv. 31. gr. laga nr. 129/1997 og reglum Fjármálaeftirlitsins um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna í lífeyrissjóði nr. 180/2013. Jafnframt var horft til helstu verkefna stjórnar lífeyrissjóðs skv. 29. gr. laga nr. 129/1997, s.s. almenns eftirlits með starfsemi sjóðsins og samskipti við rekstraraðila, mótun fjárfestingastefnu, og mótun áhættustefnu. Þá var horft til samsetningar stjórnar, einkum að til staðar væri sameiginleg þekking, hæfni og reynsla til að skilja starfsemina og helstu áhættuþætti, auk þeirrar staðreyndar að báðir fulltrúar atvinnurekenda í 5 manna stjórn sjóðsins eru nýir.

Í 31. gr. laga nr. 129/1997 er tekið fram að stjórnarmenn í lífeyrissjóði þurfa að vera lögráða, fjárhagslega sjálfstæðir, ekki orðið gjaldþrota sl. 5 ár og ekki hlotið dóm fyrir brot á tilteknum lögum sl. 10 ár. Þá mega stjórnarmenn ekki gegna störfum eða stjórnarstörfum þar sem hætta er á hagsmunaárekstrum, hafa gott orðspor og vera búsettir á Íslandi (eða innan EES).

Þá er í 31. gr. laga nr. 129/1997 gerð krafa um að stjórnarmenn í lífeyrissjóði hafi þekkingu og starfsreynslu til að gegna starfinu með tilhlýðilegum hætti.

Við mat kjörnefndar er byggt á þeim gögnum sem bárust frá frambjóðendum auk upplýsinga sem fengust í viðtali.

2) Framboð og mat kjörnefndar

Framboð bárust frá sjö einstaklingum þar af buðu fimm sig fram í aðalstjórn og þrír í varastjórn.

Í aðalstjórn buðu sig fram: Kjartan Jónsson, Ólafur Finnsson, Rafn Jónsson, Sigríður Einarasdóttir og Sturla Ómarsson.

Í varastjórn buðu sig fram: Guðlaugur Sigurðsson, Ingvar Jónsson og Rafn Jónsson.

Það er mat kjörnefndar að öll framkomin framboð séu lögmæt og allir frambjóðendur til stjórnar og varastjórnar uppfylli hæfisskilyrði 31. gr. laga nr. 129/1997 .

Kjörnefnd er ekki kunnugt um annað en allir frambjóðendur séu lögráða, fjárhagslega sjálfstæðir, hafi ekki orðið gjaldþrota sl. 5 ár og hafi ekki hlotið dóm fyrir brot á tilteknum lögum sl. 10 ár. Þá er kjörnefnd ekki kunnugt um annað en allir frambjóðendur uppfylli búsetuskilyrði, hafi gott orðspor og gegni ekki störfum eða stjórnarsetu sem ekki samrýmist setu í stjórn EFÍA. Til grundvallar framangreindu liggja yfirlýsingar frambjóðenda auk þess sem engar vísbendingar hafa borist til kjörnefndar um annað.

Kjörnefnd telur hins vegar að nokkur munur sé á milli frambjóðenda þegar horft er til þekkingar og starfsreynslu, einkum sem ætla má að þekking og starfsreynsla nýtist við stjórnarstörf í lífeyrissjóðnum.

2a) Aðalstjórn

Af frambjóðendum í aðalstjórn hafa þrír frambjóðendur, lokið háskólaprófi á sviði viðskiptafræði og verkfræði, auk þess að hafa sinnt trúnaðarstörfum fyrir EFÍA eða FÍA sem ætti að nýtast þeim í starfi.

Þannig hefur Ólafur W. Finnsson viðskiptafræðipróf (*Cand Oecon*) og hefur setið í stjórn EFÍA sl. 2 ár og einnig á árum áður. Sigríður Einarsdóttir hefur C.S. gráðu í vélaverkfræði, MBA gráðu og lokið prófi sem verðbréfamiðlari. Þá hefur Sigríður verið stjórnarmaður í FÍA og gjaldkeri félagsins, auk þess að vera í stjórn Sjúkrasjóðs FÍA. Sturla Ómarsson hefur lokið BS og MS prófi í viðskiptafræði, auk þess að hafa setið í stjórn EFÍA í 9 ár.

Þá hefur einn frambjóðandi, Kjartan Jónsson, lokið diploma námi í fjármálum og rekstri frá viðskiptadeild HR, sem er 2 ára nám. Þá var hann framkvæmdastjóri FÍA í 7 ár og hefur þar að auki setið í stjórn félagsins. Þessu til viðbótar hefur Kjartan nokkuð meiri reynslu en aðrir frambjóðendur af eigin rekstri, en hann rak eigin auglýsingastofu, Design ehf., í 13 ár og störfuðu þar um 15 manns þegar mest var.

Rafn Jónsson hefur lokið háskólanámi í guðfræði og hagnýtri fjölmiðlun sem nefndin telur að nýtist síður í störfum EFÍA. Rafn hefur reynslu af eigin rekstri en með takmörkuðu umfangi.

Kjörnefnd telur að þegar horft er til menntunnar og starfsreynslu Ólafs, Kjartans, Sigríðar og Sturlu þá standi þau skör frammar Rafni. Þá telur nefndin einnig að störf þeirra fjögurra í þágu EFÍA og FÍA skipti máli við að tryggja ákveðna samfellu í starfsemi sjóðsins í ljósi þess að báðir þeir einstaklingar sem atvinnurekendur hafa tilnefnt eru nýir.

2b) Varastjórn

Varðandi framboð í varastjórn þá telur kjörnefnd að Guðlaugur Sigurðsson standi skrefi frammar öðrum frambjóðendum.

Þannig telur kjörnefnd að Guðlaugur hafi nokkuð meiri reynslu af rekstri en aðrir frambjóðendur í varastjórn vegna starfa hans sem framkvæmdastjóri og rekstrarstjóri Flugskóla Íslands ehf. um 20 ára skeið. Þessu til viðbótar hefur Guðlaugur setið í varastjórn EFÍA í 8 ár.

Ingvar Jónsson hefur ekki lokið háskólanámi en hefur nokkra reynslu af stjórnarstörfum. Varðandi Rafn Jónsson er vísað til þess sem áður sagði.

Að lokum skal tekið fram að ákvörðunarvald um val á einstaklingum til stjórnarsetu er hjá sjóðfélögum EFÍA. Hlutverk kjörnefndar er að veita þeim áreiðanlegri forsendur til að taka upplýsta ákvörðun um val í stjórn lífeyrissjóðsins og er álit hennar einungis ráðgefandi.

Reykjavík, 21. maí 2019.

Lára S. Christiansen.

Magnús B. Jóhannsson.

Jónas Fr. Jónsson.

